


Arni Helgason

Athuganir á upplýsingum úr aflaskýrslum
hjá fiskmóttöku KHB sumarið 1983.

Eintak bókasafns

VMST-A/8306



VEIDIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

VEIDIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Arni Helgason

Athuganir á upplýsingum úr aflaskýrslum
hjá fiskmóttöku KHB sumarið 1983.

12.12.1983

VAUST/8306

AGRIP.

Í skýrslunni er farið í gegnum upplýsingar, sem unnar eru úr skýrslum um innlagðann silung í fiskmótöku KHB á Egilsstöðum á þeim 91 degi, sem hún var starfandi sumarið 1983.

Alls voru lögð inn 5155 kg af slægðum fiski (nálægt 6 tonnum af fiski uppúr vatni), og var þessi fiskur veiddur af 44 aðilum í 16 vötnum.

Almennt er flokkun á fiskinum betri heldur en við var búist í upphafi og lendir 61.6% af fiskinum í I og II flokki, sem eru auðseljanlegir á neytendamarkaði.

Upplýsingar, sem fást úr skýrslum um innlagðann fisk er gagnlegar, en ekki nægilega áreiðanlegar heimildir um veiðar í einstökum vötnum, þar sem óþekkt magn fer óhjákvæmilega framhjá fiskmótökunni. Nauðsynlegt er að koma á áreiðanlegu skipulagi á aflaskráningu hjá sjálfum veiðimönnunum, sem síðan verða grunnurinn að hagkvæmri stjórnun á veiði í vötnum.

EFNISYFIRLIT

bls.

AGRIP.....	i
EFNISYFIRLIT.....	ii
TÖFLUSKRÁ.....	ii
INNGANGUR.....	1
AÐFERÐIR.....	1
NIEURSTÖÐUR.....	1
ALYKTANIR.....	6
PAKKARORD.....	7

TÖFLUSKRÁ:

bls.

1. Verðflokkar á silungi hjá KHB 1983.....	2
2. Innlagður afli í móttöku KHB 1983.....	2
3. Veiðivötn og fjöldi veiðimanna.....	4
4. Ýmsar tölfraðilegar upplýsingar unnar úr magn-tölum um innlagðann fisk í KHB 1983.....	5

MYND 1

Hlutdeild einstakra vatna í heildarmagni fisks, sem kom í fiskmmóttöku KHB 1983.....	3
--	---

INNGANGUR.

Eins og kunnugt er, þá var hafist handa með rannsóknarverkefni á vegum SSA sumarið 1983, sem er ætlað að kanna möguleikana á nýtingu silungsvatna í Austurlandskjördæmi. Einn liður í þessu verkefni er tengdur markaðsmálum silungs og skipulagi á verkun og móttöku afla, og fyrsta skrefið í því var að koma á laggirnar fiskmóttöku í samvinnu við Kaupfélag Héraðsbúa á Egilsstöðum (KHB), sem annaðist þau mál sumarið 1983.

Eina áreiðanlega heimildin um veiðina í mörgum af þeim vötnum, sem netaveiði var stunduð í betta sumarið, eru aflatölur úr fiskmóttökunni. Hér á eftir eru þessar aflatölur skoðaðar, og tilraun gerð til að draga ályktanir af þeim upplýsingum, sem í þeim felast.

ÆFGERDIR.

Allar magntölur eru sóttar í skráningar á innleggi í KHB. Í flestum tilvikum var afli skráður bar á einstaklinga en ekki vötnin, bannig að það reyndist nauðsynlegt að geta sér til um hvaðan fiskurinn væri uppruninn. Í flestum tilvikum kemur það ekki að sök, bar sem aðeins einn möguleiki kom til greina. Í vötnunum í Jökuldalsheiði, þ.e.a.s. Sænautavatni og Ánavatni, er ekki hægt að útiloka þann möguleika, að eitthvað hafi farið á rangt vatn. Æg álit þó að það sé ekki verulegt og hafi ekki afgerandi áhrif á útkomuna.

Stærðir á vötnum eru fengnar í gögnum, sem eru til hjá VAUST.

NIÐURSTÖÐUR.

Fiskmóttakan í KHB var starfrækt samtals í 91 dag frá 16. júní til 15. september. Að bessu tímabili var lagður inn fiskur úr alls 16 vötnum, en 44 aðilar voru skrifaðir fyrir innleggi.

Allur fiskur, sem kom í móttökuna var ísaður, slægður og blóðrák og tálkn hreinsuð úr. Verðið sem var greitt fyrir fiskinn er sýnt í Töflu 1.

TAFLA 1.

Verð á innlögðum silungi hjá KHB á tímabilinu 1.7 til 15.9.83 miðað við slægðan fisk.

1. Flokkur	750 grömm eða meira	65 kr hvert kíló
2. Flokkur	350 til 750 grömm	55 kr hvert kíló
3. Flokkur	180 til 350 grömm	30 kr hvert kíló
4. Flokkur	180 grömm eða minna	15 kr hvert kíló

Ath. Enginn verðmunur er á Bleikju og Urriða.


Í fiskmmóttökuna kom samtals 5155 kg af silungi allt tímabilið. Hlutdeild einstakra vatna í aflanum er æði misjöfn, allt frá 0.2% og uppi 28.6%, en úr þrem vötnum barst 64.6% af silungnum eða 3330kg. Mynd 1 sýnir skiptinguna á milli vatna.

Eins og áður segir var fiskmóttakan starfrækt í samtals 91 dag. Mest kom af fiski að meðaltali í júní og júlí, en dró heldur úr því í ágúst og september. (sjá Töflu 2)

TAFLA 2. Innlagður afli í fiskmmóttöku KHB í júní - september '83.

Mánuður	Dagafj.	Innlögð kíló	Fjöldi vatna	Innlögð kíló á dag
Júní	14	1164	10	83
Júlí	31	2907	12	93
Ágúst	31	751	3	24
September	15	333	5	22
	91	5155	-	56.6 kg/dag

MYND 1. Hlutdeild einstakra vatna í innlöögðum afla í Fiskmmóttöku í KHB á Egilsstöðum sumarið 1983.



Mjög misjafnt var, hversu margir aðilar stunduðu veiðar á silungi í hverju veiðivatni. Heildarfjöldinn var eins og fyrr segir 44, sem stunduðu veiðar í 16 vötnum. (Tafla 3)

Tafla 3. Veiðivötn, sem voru nytjuð að einhverju leyti 1983 og fjöldi aðila, sem lögðu afla inní fiskmóttöku KHB.

Lagarfljót	14	Núpavatn	1
Sænautavatn	6	Múlavatn	1
Urriðavatn	4	Reyðarvatn	1
Langavatn	3	Stekkavatn	1
Skriðuvatn	3	Alftavatn	1
Pórísvatn	2	Kílatjörn	1
Anavatn	2	Arnarvatn	1
Eiðavatn	2	Grafarvatn	1

Samtals 44 aðilar og 16 vötn

Aflinn úr bessum var bæði misjafn að gæðum og mismikill.

Af einstökum vötnum skilaði Sænautavatn mestum fiski, 1474 kg, en minnst bars úr Kílatjörn, 8 kg.

Meðalverð yfir heildina reyndist vera 46.20 kr/kg, en einstök vötn lágu á bilinu 28.70 - 63.00 kr/kg.

Brúttóverðmæti alls aflans reyndist vera 238.094 kr, en einstök vötn voru með aflaverðmæti frá 413 kr uppi 64.222 kr.

Heildarflokkunin á silungnum varða þannig, að 8.5% fóru í I eða stjörnuflokk, 53.1% í II flokk og 36.4% í III og IV flokk. Af einstökum vötnum reyndist flokkun best úr Stekkavatni, þar sem 56.7% fór í I flokk, en þess ber að gæta, að úr því komu aðeins 30 kg af silungi. Lökust er útkoman úr vötnum, sem eru mjög þétt-setin af Bleikju. T.d Eiðavatn, þar sem 48.0% lenda í III flokk og 16.5% í IV flokk, einnig Reyðarvatn þar sem 70.0% eru í III

Númer	Heiti	Kíló í flokka :					% í flokka :					Ha.	Kg/ha.	
		I	II	III	IV	KG.	I	II	III	IV	S.kr.	Kr/kg		
7504-102	Lagarfljót	162	602	188	11	963	16.8	62.5	19.5	1.1	50.303	52.20	?	?
7504-122	Núpavatn	0	9	27	24	58	0.0	15.5	46.6	41.4	1.665	28.70	?	?
7504-124	Sænautavatn	67	762	552	93	1474	4.5	51.7	37.4	6.3	64.222	43.60	230	6.4
7505-001	Anavatn	29	246	58	7	340	8.5	72.4	17.1	2.0	17.260	50.80	490	1.5
7505-001	Múlavatn	46	271	44	6	367	12.5	73.8	12.0	1.6	19.305	52.60	?	?
7506-001	Urriðavatn	31	172	130	19	352	8.8	48.9	36.9	5.4	16.497	46.90	110	3.2
7506-002	Langavatn	20	57	49	12	138	14.5	41.3	35.5	8.7	6.610	47.90	40	3.5
7506-004	Reyðarvatn	1	2	7	5	15	6.7	13.3	46.7	33.3	778	52.00	?	?
7507-010	Fórisvatn	17	24	3	0	44	38.6	54.5	6.8	0.0	2.773	63.00	48	0.9
7507-020	Stekkavatn	17	13	0	0	30	56.7	43.3	0.0	0.0	2.120	70.70	?	?
7507-024	Álfavatn	0	35	32	1	68	0.0	51.5	47.1	1.4	3.188	46.90	?	?
7508-016	Kílatjörn	0	2	6	0	8	0.0	25.0	75.0	0.0	413	51.70	15	0.5
7601-001	Skriðuvatn	3	77	55	24	159	1.9	48.4	34.6	15.1	7.840	49.30	125	1.3
7604-004	Arnarvatn	13	68	15	3	99	13.1	68.7	15.2	3.0	5.058	51.10	14	7.1
7604-005	Grafarvatn	23	93	30	4	150	15.3	62.0	20.0	2.7	7.557	50.40	42	3.6
7604-006	Eiðavatn	11	305	427	147	890	1.2	34.3	48.0	16.5	32.505	36.50	170	5.2
Samtölur		:		440		2738		1623		356		5155		
Meðaltöl		:		8.5		53.1		31.5		6.9		238.094		
										46.20		-		
										-		-		

Skýringar:

S.Kr., hýðir samtals afliaverðmæti úr viðkomandi vatni.

Kr/kg er meðalkilóverð á innlögðum afla

Ha. er sterð vatnsins í hekturu.

Kg/ha er þyngd innlagðs fishks á hektara. Við þessa tölu má bæta við nálagt 15% til að fá þyngd á fiski upprá vatni.

Tafla 4. Helstu magnþöldur varðandi silung, sem lagður var inni fiskumóttóku KHB á Egilsstöðum 1983.

og IV flokki.

Ef við skoðum aðeins veiðiálagið í vötnunum, þá reynist það vera mest í Sænautavatni, 6.4 kg/hektara af slægðum fiski, sem svarar til 7-7.5 kg/hektara af fiski uppúr vatni. Lægst fer veiðiálagið eins og það birtist, sé reiknað útfrá innlöögðum afla í KHB, í 0.5 kg/hektara af slægðum fiski eða um 0.6 kg af fiski uppúr vatni. Tafla 4 sýnir helstu tölulegu upplýsingar fyrir einstök vötn.

ALYKTANIR.

Net eru svonefnd óvirk veiðarfæri, en það býðir að veiðni þeirra er háð hreyfingu fisksins í vatninu á veiðitímanum. Þegar ísa leysir í íslenskum vötnum á vorin, gerist það fyrst á eftir, að rykmý (Chironimidae) stígrupp uppúr vötnunum, og á þeim tíma fer nær allur fiskur í bessa fæðu, og meðan á því stendur er hann mjög mikið á hreyfingu. Af bessari ástæðu er fyrsti tíminn á vorin oftast besti veiðitíminn fyrir netaveiði. Þetta tímabil er eins og vænta má, á mismunandi tímum eftir legu vatna, og lætur nærri, að það sé nálægt mánaðarmunur á milli þess í lág-lendisvötnum á Héraði og vatnanna í Jökuldalsheiðinni.

Áhrif af þessu má glögglega sjá í veiðinni í sumar eins og hún birtist í innlöögðum fiski hjá KHB (Tafla 2). Hlutfallslega mest berst af fiski í júní og júlí, en dregur verulega úr því í ágúst og september, en þá er þessi flugnatími að baki í hæstu vötnum, og farið að gæta hlýinda, sem draga úr hreyfingu á fiski.

Annað sem virðist almennt hafa veruleg áhrif á veiðarnar, eru, möguleikar bænda til þess að stunda þær. Þegar mestu annatímar eru í búskap, virðist sem þörf sé fyrir heimilisfólk við hann, og því ekki laus starfskraftur til þess að stunda silungsveiðar. Fiskurinn úr vötnum hér á Héraði flokkast mun betur, heldur en búist var við í upphafi. Viða um land er það vandamál í silungsstofnum að þeir eru of stórir fyrir vötnin, þ.e.a.s. vötnin eru offsetin, og meginhlutinn af fiskinum, sem veiðist er mjög smár og hefur reynst erfið markaðsvara. Þessu er óvíða til að dreifa bar sem vötn hafa verið athuguð hér á Héraði. Vötn eru viða þétt-setin af fiski, en almennt er hann þó það stór að meginhlutinn er

auðseljanlegur á Neytendamarkaði.


Til bess að hægt sé að stjórna nýtingu á silungi í vötnum, þannig að hámarksafrafkstur fáist af hlunnindunum, þá er nauðsynlegt að ítarlegt og nákvæmt skýrsluhald sé yfir veiðarnar, því á þeim eru allar stjórnunaraðgerðir byggðar.

Það er ljóst, að þótt tölur yfir innlagðann afla í fiskmmóttöku séu að ýmsu leyti gagnlegar, þá eru þær ekki nægilega nákvæmar til bess að vera traustur grundvöllur fyrir stjórnun á veiði. Helstu annmarkar á því eru m.a. að það er óhjákvæmilegt, að óþekkt magn af fiski úr sérhverju vatni kemur ekki fram í fiskmóttökunni því mist vegna bess, að honum er ráðstafað eftir öðrum leiðum eða bykir ekki nægilega góður til bess að leggja inn t.d. vegna smæðar eða sýkingar. Þetta verður til bess, að innleggsskýrslur gefa ranga mynd af fiskstofnинum í viðkomandi vatni.

Af framansögðu er því ljóst, að á þessu stigi í verkefni SSA, er það mikilvægt, að komið verði á hagkvæmu aflaskráningarkerfi, sem tryggir góð skil á skýrslum og allar þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar í þeim tilgangi, að meta raunhæfar stjórnunaraðgerðir í silungsveiði. Austurlandsdeild Veiðimálastofnunar mun á næsta ári vinna að þessu máli væntanlega í samvinnu við Framkvæmdarnefnd silungsverkefnis SSA.

ÞAKKARORD.

Ég vil þakka starfsfólki sláturhúss KHB fyrir góða aðstoð við að safna þeim gögnum, sem eru í þessari skýrslu.



Arni Helgason, VAUST